

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 117

Maí 2010

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

VORFUNDUR

Vorfundur Jökларанnsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 11.maí 2010 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Umbrotin í Eyjafjallajökli
Magnús Tumi Guðmundsson

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 11.mái 2010 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Magnús Tumi Guðmundsson flytur erindi um umbrotin í Eyjafjallajökli undanfarið.

Eldgos hófst í Eyjafjallajökli rétt fyrir miðnætti 20. mars 2010 og kom kvikan þá upp við Fimmvörðuháls. Því gosi lauk 12. apríl en um sólarhring síðar, aðfaranótt 14. apríl, hófst gos að nýju í jöklinum og þá í suðvestanverðum toppgíg Eyjafjallajökuls. Magnús Tumi mun rekja aðdraganda og þróun þessara umbrota í máli og myndum.

Mælingar á landbreytingum benda til að kvika hafa byrjað að þrýstast upp undir Eyjafjallajökul í desember en það kom nokkuð á óvart að hún skyldi koma upp á yfirborðið við Fimmvörðuháls.



Gossins við Fimmvörðuháls verður einkum minnst fyrir fallega kvikustróka og hraunfossa. - mynd MTG

Gosið hófst á flata milli tveggja hæða rétt við gönguleiðina yfir hálsinn. Áður en yfir lauk hafði myndast þar 82 metra hátt fjall sem rís í 1067 m hæð yfir sjávarmáli. Upphafleg hæð á þessum stað var 985 m. Hraun rann yfir gönguleiðina og niður í Hrungil og Hvannárgil. Flatarmál hrauna er talið 1,3 ferkílómetri, meðalþykkt um 10-20 metrar og rúmmál gosefna 20-25 milljón rúmmetrar. Gosið á Fimmvörðuhálsi var lítið og tjón af völdum þess er ekki teljandi. Gossins verður minnst fyrir fallega kvikustróka og hraunfossa enda hafði það góð áhrif á ferðamannastraum til landsins.

Til að setja gosið á Fimmvörðuhálsi í samhengi má nefna að heildarmagnið er nú orðið svipað og í Grímsvatnagosinu 2004, up.b. fimmtungur þess sem kom upp í Heklugosinu 2000 og tæplega tíundi partur af gosefnum í Vestmannaeyjagosinu 1973.

Ekki hafði fyrr verið lýst yfir goslokum á Fimmvörðuhálsi en gos hófst í toppgíg Eyjafjallajökuls. Það gos var mun stærra og hættulegra.



Gríðarlegt öskufall varð fyrstu sólarringa gossins í Eyjafjallajökli. -myndMTG

Verulegt gjóskugos stóð í á fjórða sólarhring og var öskufallið undir Eyjafjöllum svo þétt þegar mest var þann 17. apríl að myrkur var í 20 tíma samfleytt Gosið virðist vera svipað að stærð og lítil til meðalstór Kötlugos. Gosið hefur vakið meiri athygli en önnur eldgos á Íslandi vegna þess að aska barst til Evrópu þar sem varð mesta röskun sem um getur á flugi eins og frægt er orðið.

Gosið í Eyjafjallajökli er miklu meira en var á Fimmvörðuhálsi. Þegar gosið var í hámarki er talið að kvikuflæðið hafi verið nálægt 750 tonnum á sekúndu. Að meðaltali var það 10-20 sinnum meira þessa fyrstu sólarhringa en í gosinu á Fimmvörðuhálsi.

Um viku eftir að gjósa tók í toppgíg jökulsins fór hraun að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Þar leitar hraunið niður jökulinn og bræðir hann svo af upp af standa miklir gufumekkir. Miklar landbreytingar hafa orðið við Gígjökul og þar sem áður var lón eru nú aurar sem syðst standa allt að 30 til 40 m hærra en vatnsborð lónsins fyrir gos.



Nágrenni Gígjökuls hefur breyst mikið, lónið horfið og aurarnir innst standa 30-40 metrum hærra vatnsborð þess gerði fyrir gos. – mynd MTG

SKÁLINN Í JÖKULHEIMUM STÆKKAÐUR Í SUMAR

Nýi skáli í Jökulheimum verður stækkaður í sumar. Eins og áður hefur komið fram í fréttabréfinu verður skálinn stækkaður um 28 fermetra til austurs og þar verður svefnpláss fyrir 16 manns í 8 tvíbreiðum kojum. Áætlað er að verkið kosti um fjórar milljónir króna, en eins og félagsmenn vita styrkja börn Guðmundar Jónassonar jöklafara skálabygginguna um 500 þúsund krónur. Þess má einnig geta að Jöklarannsóknafélagið fær 250 þúsund króna styrk úr Ferðamálasjóði til þess að endurbæta salernisaðstöðu í Jökulheimum.




Skálanefnd hefur falið 4 manna byggingarnefnd að hafa yfir umsjón með verkinu. Í henni eru Ástvaldur Guðmundsson, Guðbjörn Þórðarson, Ragnar Jörgensson og Vilhjálmur Kjartansson.


Áformað er að steypa sökklá í maí og í sumar hefst sjálf smíðavinnan. Vinnuáætlun verður kynnt á heimasíðu félagsins í maí. Þar verður þeim félagsmönnum sem áhuga hafa á að fara í Jökulheima í sumar og aðstoða við skálabygginguna gefin kostur á að skrá sig.

SLÓÐIR VIÐ JÖKULHEIMA SKIPULAGÐAR

Jöklarannsóknarfélagið skilaði nýverið inn til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs tillögum um slóðaskipulag á Jökulheimasvæðinu vegna verndaráætlunar þjóðgarðsins. Vilhjálmur Freyr Jónsson, Ástvaldur Guðmundsson og Björn Oddsson unnu að tillögu sem lögð var fyrir stjórn JÖRFÍ. Stjórnin fór yfir tillögunu og kom henni áfram að breytingum loknum.



Starfsemi félagsins var höfð að leiðarljósi og mikilvægi leiða skipt í tvennt. Annars vegar voru merktar inn þær leiðir sem félagið þarf á að halda til að komast inn í Jökulheima og að Tungnárjökli og Köldu- kvíslarjökli og hins vegar útsýnisleiðir um auðnina vestan Jökulheima. Ekki var tekin afstaða til slóða sem tengjast



veiðifélögum, Landsvirkjun eða leitar- slóðum gangnamanna. Nefndarmönnum er þökkun vinna sem þeir unnu af hendi við uppkast að slóðaskipu- laginu en rétt að áréttu að stjórnin gerði á því nokkrar breytingar og er endaleg tillaga alfarið á ábyrgð stjórnar.

Leiðir sem eru nauðsynlegar starfsemi félagsins eru merktar með bleiku en útsýnisleiðir með bláu.

SUMARFERÐ Í ÞÓRSMÖRK

Áformað er að sumarferð Jöklarannsóknafélagsins verði farin í Þórsmörk fyrstu helgina í júlí. Þar er ýmislegt að skoða eftir umbrotin í Eyjafjallajökli og við Fimmvörðuháls undanfarnar vikur. Hins vegar er

litlu hægt að slá föstu um ferðatilhögun eða hvort yfirhöfuð verður ferðafært í Mörkina. Félagsmönnum er bent á að fylgjast með á heimasíðu félagsins jorfi.is. Þar verður ferðaáætlun sumarsins kynnt þegar nær dregur.

AÐALFUNDUR 2010

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn 23. febrúar síðastliðinn í Öskju. Fundarstjóri var kosinn Tómas Jóhannsson og Finnur Pálsson fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á þessum aðalfundi. Á fyrsta stjórnarfundum 8.mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var síðan staðfest á stjórnarfundum 12.apríl.

Stjórn JÖRFÍ samþykkti á fundi sínum 8.mars að hækka félagsgjöld um 200 krónur í 5.100,- kr. Innifalið er að venju áskrift að fréttabréfinu og tímaritinu Jökli.

Stjórn JÖRFÍ 2010:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Þóra Karlsdóttir, gjaldkeri
Þorsteinn Þorsteinsson, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

Varastjórn: Aðalsteinn Svavarsson, Björn Oddsson, Valgerður Jóhannsdóttir og Vilhjálmur S. Kjartansson.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanevnd: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Árni Páll Árnason formaður, Eiríkur Lárusson, Garðar Briem, Sigurður Vignisson og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd: Guðbjörn Þórðarson formaður, Aðalsteinn Svavarsson Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Jörgensen, Snæbjörn Pálsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanefnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Lárusson, Hannes Haraldsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson og Hlynur Skagfjörð.

Ritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Leó Kristjánsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og Willam H. Menke.

Skemmtinefnd: Ágúst Hálf dánsson formaður, Eiríkur Lárusson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Leifur Þorvaldsson, Jósef Hólmjárn, Björn Oddson og Valgerður Jóhannsdóttir.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

AFMÆLISÁRSHÁTÍÐ Í HAUST

Í haust verða sextíu ár frá því Jöklarannsóknafélagið var stofnað og verður af því tilnefni haldin vegleg afmælisárshátíð. Staður og stund verður auglýstur síðar en venjan er sú að halda árshátíðina sem næst stofndeginum 22.nóvember og félagsmenn beðnir að hafa það í huga þegar þeir skipuleggja samkvæmislíf haustsins.



Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir